

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Selfossi, 26. nóv. 2014

Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, hefur fengið frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 með síðari breytingum (kerfisáætlun), þingskjal 372 - 305. mál til umfjöllunar. Laganefnd FÍLA gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

### **Almennt**

Athugasemdir laganefndar lúta aðallega að því er varðar skipulagsrétt/skyldur sveitarfélaga, stefnumótun stjórnvalda á landsvísu og samspili laga er lúta að skipulagsákvæðum er varða flutningsvirki raforku.

Laganefnd FÍLA telur að með breytingu á raforkulögum sem settar eru fram í frumvarpi þessu á raforkulögum sé framkvæmdaáætlun sett ofar skipulagsáætlunum. Aðkoma sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila (sem ekki eru skilgreindir sem notendur í lagafrumvarpinu) að stefnumótun og ákvarðanatöku er vegna þessa ekki nægjanlega tryggð. Ekki kemur fram á hvaða vettvangi stefna stjórnvalda um legu flutningsvirkja kemur fram, en þingsályktunartillaga nr. 321 tekur aðallega til stefnu um útfærslu flutningsvirkja og landsskipulag hefur ekki enn tekið gildi. Einnig er óljóst hvernig umsagnar- og samráðsferli er háttað á þessu stefnumótunarstigi og hvernig stefnumótunin er unnin m.t.t. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

### **Athugasemdir við einstakar greinar:**

9.gr.a) Þar kemur fram að drög að kerfisáætlun skuli kynnt og send samráðsaðilum og ber þeim að skila athugasemdum innan sex vikna frá kynningu. Það er álit laganefndar FÍLA að það sé of skammur tími í ljósi þess að allflestar nefndir og sveitarstjórnir funda að jafnaði einu sinni í mánuði. Einnig telur laganefndin að gera þurfi betur grein fyrir samráðsferlinu í lögum, í stað þess að vísa til reglugerðar. Í greininni kemur einnig fram að það sé í höndum flutningsfyrirtækisins að skera endanlega úr um það hvaða athugasemdir verða teknar til greina og fer það gegn almennu skipulagsvaldi sveitarfélaga.

9. gr(b) Í ljósi þess að kerfisáætlunin lítur einnig að legu flutningsvirkja, en ekki bara gerð og afkastagetu, er óeðlilegt að Orkustofnun ein komi að eftirliti með framkvæmd kerfisáætlunarinnar.

9.gr.c) Laganefnd FÍLA telur að vegið sé að skipulagsvaldi sveitarfélaga með þessari grein lagabreytingarinnar. Þar kemur fram að kerfisáætlun sé samþykkt fyrst og síðan beri sveitarstjórnunum að samræma skipulagsáætlanir sínar þeirri áætlun. Ennfremur kemur fram að sveitarstjórnunum sé óheimilt að víkja frá gildandi kerfisáætlun, en þó er óljóst hvernig það skuli tryggt og eins hvert skuli vísa málum, þegar ekki næst samkomulag.

### **Samantekt**

Það er mat laganefndarinnar að nauðsynlegt sé að marka heildstæða stefnu um uppbyggingu og dreifingu flutningsvirkja á landsvísu, þar sem ekki einungis er litið til hagsmuna framleiðenda og notenda, heldur byggja slík stefna á víðtæku samráði við alla hagsmunaaðila og almenning. Einnig skal skipulagsvald sveitarfélaga virt í hvívetna og það tryggt að flutningsvirki fái þá málsmeðferð sem m.a. skipulagslög nr.123/2010 og lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 kveða á um.

Virðingarfyllst, f.h. Félags íslenskra landslagsarkitekta  
Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður lagandefndar FÍLA